

## **7. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi kl 13.00, þriðudaginn 13. ágúst 2024**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Árný Huld Haraldsdóttir, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Tryggvi B Bjarnason.

Forföll boðuðu; Arinbjörn Bernharðsson, Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Finnur Ólafsson, Kristján Þór Kristjánsson, Matthías Lýðsson og Vilbergur Þránínsson.

Í stað fulltrúa Strandabyggðar situr Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri Strandabyggðar sem áheyrnarfulltrúi.

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn, annarsvegar frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi Urbana ehf, Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur, VSÓ ráðgjöf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur, VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

1. Lýsing svæðisskipulags Vestfjarða 2050: Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim.
2. Verkáætlun svæðisskipulagsnefndar veturinn 2024-2025
3. Frumdrög svæðisskipulags: Drög í vinnslu
4. Vinnuvefsjá
5. Önnur mál

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðaða dagskrá og við fundarboðun, engar athugasemdir komu fram.

Nú var gengið til dagskrár

1. Lýsing svæðisskipulags Vestfjarða 2050: Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim.

Hrafnkell hafði framsögu um samantekt á umsögnum og viðbrögð við þeim. Í skipulagsgerð hefði almennt ekki verið að svara umsögnum við lýsingu svæðisskipulags heldur undir lok við gerð vinnslutillögu. Hinsvegar við opnum Skipulagsgáttar gæfist færi á að koma strax með fyrstu viðbrögð á opnum vettvangi en ekki undir lok vinnunar.

Til máls tóku, Guðbjörg Stefanía, Lilja, Bragi, Tryggvi, Arnlín og Aðalsteinn.

Guðbjörg vék af fundi.

Tillaga lögð fram að umsagnaraðilum verði svarað á þann veg að umsögn þeirra hefði verið móttækin og þeim þakkaður áhugi fyrir verkefninu. Efnislegar athugasemdir verði hafðar til hliðsjónar við mótnun vinnslutillögu svæðisskipulagsins. Í þeirri vinnu munu skýrast hvernig brugðist verður við þeim atriðum og hvernig þau verða tekin upp í stefnu svæðisskipulagsins.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Verkáætlun svæðisskipulagsnefndar veturinn 2024-2025

Hrafnkell kynnti tillögu að verkáætlun við gerð vinnslutillögu sem stefnt er ljúka við vorið 2025, nær tillagan um verkáætlun frá september til apríl 2025. Hann kynnti einnig tillögu að yfirliti um viðfangsefni og skiptingu viðfangsefna eftir málaflokkum og aðra nálgun á svið svæðisskipulagsins.

Til máls tóku, Arnlín, Tryggvi, Lilja, Bragi, Aðalsteinn

Samþykkt að fela Hrafnkeli og Aðalsteini setja niður fundardaga nefndarinnar fram á vor 2025 í samræmi við verkáætlun.

### 3. Frumdrög svæðisskipulags: Drög í vinnslu

Hrafnkell kynnti drög að frumdrögum svæðipulags dags 5. Sept 2024. Skjalið er forsenduskjal fyrir gerð vinnslutillögu skipulags og er til viðbótar lögbundnum viðfangsefnum svæðisskipulags.

Drög þessara frumdraga byggja niðurstöðum opinna funda svæðisskipulagsnefndar frá í maí s.l. þ.m.t. umfjöllun á framtíðarmyndum. Einnig spá um fólksfjöldaþróun og lýðfræðilegum veikleikum (sjá einnig umfjöllun á 6. fundi svæðisskipulagsnefndar) og sviðsmyndagreiningu frá 2019, Vestfirðir á krossgötum. Á þessum grunni er lagt til við 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, hvaða framtíðarmyndir (Mótvindur, Andvari, Meðbyr, Gustur og Ofsi) yrðu lagðar til grundvallar við gerð vinnslutillögu.

Til máls tóku; Lilja, Aðalsteinn, Bragi, Tryggvi, Herdís, Þorgeir

Samþykkt að ljúka umræðu á næsta fundi nefndarinnar.

### 4. Vinnuvefsjá

Herdís kynnti umgörð á efnisatriði vinnuvefsjár sem verða nefndinni opið í vinnu hennar, vistun á gögnum sem unnin hafa verið og munu verða unnin, kortagrunn, fundargerðir og önnur gögn. Vefsjáin er í hraðri þróun og verður kynnt á komandi Fjórðungsþingi en ræða yrði hversu opin aðgangur ætti að vera.

Herdís vék af fundi.

Til máls tóku Hrafnkell, Lilja, Aðalsteinn, Sigríður,

Samþykkt að vinnuvefsjá verði opin öðrum sveitarstjórnarfullrúum, skipulags og byggingarfullrúum sveitarfélaga og starfsmönnum Vestfjarðastofu sem fjalla um skipulagsmál.

## 5. Önnur mál

Tillaga lögð fram að fundur nefndarinnar verði kl 9.00, föstudag 18. Október n.k. á Hótel Laugarhóli, Bjarnarfirði í aðdraganda 69. Fjórðungspings Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.58